

## 4. gr.

Nú er krafa tryggð með veði í fasteign og skal þess þá getið hvort fasteignin var lögð út ófullnægðum veðhafa að afstöðnu nauðungarupphóði, hversu mikið vantaði á að veðkröfur fengjust greiddar með veðinu og hvort það, er ávantaði, er talið á sinum stað í skuldaröðinni.

## 5. gr.

Greint skal í einni upphæð hve mikið lánardrottinn fengu ekki greitt af kröfum þeim, er lýst var í tæka tíð og gildar metnar, og á sama hátt skal getið upphæðar þeirra krafna, sem of seint var lýst.

## 6. gr.

Skiptaniðurstaða skal auglýst fyrir hvert bú um sig í samfeldu venjulegu lesmáli eða í reikningsformi sem útdráttur úr skýrslu um eignir og skuldir og úthlutunargerð.

## 7. gr.

Um nauðasamninga skal greina samanlagða upphæð samningskrafna og hundraðstölu þá, er að samningi verður, samtímis — en þó í sérstakri auglýsingu — tilkynningu þeirri, er birt skal þegar nauðasamningur hefir hlotið staðfestingu.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júní 1930.*

Jónas Jónsson.

*Gissur Bergsteinsson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

59  
13. júní

fyrir

**Eskifjarðarkauptún.**

### I. KAFLI.

#### 1. gr.

Eskifjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Mjóeyri í Skeleyri og skulu öll skip, er koma inn fyrir þá línu, með þeim undantekningum, er síðar verður um getið, greiða hafnargjald á Eskifirði.

59

13. júní

2. gr.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps skipar 3ja manna hafnarnefnd og hefir hún, undir yfirstjórn hreppsnefndar, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

## II. KAFLI.

3. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar um það, hvar þau skuli leggjast. Skip mega aldrei leggja svo frá sér strengi né önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

4. gr.

Vélbátum, sem heima eiga á Eskifirði eða eru gerðir þaðan út og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina.

5. gr.

Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skuli lögð. Enginn má flytja legugögn báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

6. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips, við að hlýða skipun hafnarnefndar eða umsjónarmanns, að láta flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda eða umsjónarmanns.

## III. KAFLI.

7. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip, stærri en 20 smálestir, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjald (lestargjald) í hvert sinn er þau leggjast við festar á Eskifjarðarhöfn, hvort sem þau varpa akkeri eða leggjast við bryggju eða aðrar festar á höfninni. Einnig skulu þau skip, sem ferma eða afferma vörur eða taka eða skila farþegum á höfninni, greiða hafnargjald eins fyrir það, þó að þau leggist ekki við neinar festar.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist hafnargjald af netto-stærð skipsins reiknað í heilum tölum en brotum skal sleppa.

59  
13. júní

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Eskifirði eða gerð þaðan út eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári 50 aura af smálest, þó ekki minna en 10 kr. á ári.

b. Innlend fiskiskip greiði 5 aura af smálest í hvert skipti, er þau koma á höfnina.

c. Innlend strandferðaskip, sem ekki stunda millilandasiglingar, en ganga aðeins milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau koma fyrsta skipti á Eskifjarðarhöfn á ári hverju greiða 30 aura af hverri smálest í hafnargjald, en ekkert hafnargjald frekar, þó þau komi oftár á höfnina á sama ári.

d. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafna vegna sjóskemmda, skulu greiða 8 aura af hverri smálest í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina á ári hverju en síðan 5 aura af hverri smálest í hvert sinn, er þau koma á höfnina á því sama ári.

#### IV. KAFLI.

##### 8. gr.

Þegar hafnarsjóður eignast bryggju, skal bryggjugjald vera eins og hér segir.

a. Hvert skip, sem legst við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af netto-stærð skipsins, talið í heilum smálestum en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern  $\frac{1}{2}$  sólarhring eða hluta af  $\frac{1}{2}$  sólarhring 2 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Minni skip en 30 smálestir skulu ekkert bryggjugjald greiða, en vera skyld til að vikja frá bryggju hvenær sem hafnarnefnd óskar þess.

b. Bryggjueigendur greiða ekkert bryggjugjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskiveiðar frá Eskifirði og leggja upp á bryggjur þeirra. Flutningaskip og önnur skip gjaldskyld, sem leggja að annari bryggju en bryggju hafnarsjóðs, greiði hálf bryggjugjald í hafnarsjóð.

c. Hafnarnefnd skal heimilt að semja sérstaklega um bryggjugjald í einstökum tilfellum, þá er henni þykir ástæða til að vikja frá gjaldskrá þessari.

d. Skip þau, sem samkvæmt 7. gr. d. eru undanþegin hafnargjaldi, eru einnig undanþegin bryggjugjaldi.

##### 9. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalds og bryggjugjalds, en ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

## 10. gr.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipi unz gjöld þessi eru greidd.

## 11. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

## 12. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

## 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í hafnarsjóð Eskifjarðar.

## 14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1930 og er þá um leið úr gildi num-in hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún frá 10. febrúar 1917.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76. 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

---

*Páll Pálmason.*